



Borgarstjórn Reykjavíkur
2. júní 2026

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins
um að fella niður reglur um notkun fána við stjórnarsýsluhús Reykjavíkurborgar**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að íslenski fáninn verði dreginn að húni daglega við Ráðhús Reykjavíkur. Einnig er lagt til að samþykkt verði að fella niður gildandi reglur um notkun fána við stjórnarsýsluhús Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru á fundi forsætisnefndar í apríl sl. Í landinu gilda lög um þjóðfána Íslendinga og stuðst verður við þau.